

Vatnsdalsá 1996


Tumi Tómasson

Hólum, janúar 1997

VMST-N/97001

Eintak bókasafns

VMST-N/97001




VEIÐIMÁLASTOFNUN
Norðurlandsdeild

Vatnsdalsá 1996

Tumi Tómasson

Hólum, janúar 1997

VMST-N/97001



Veiðimálastofnun
Norðurlandsdeild

Hólum í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur
Sími: 453 6599
Fax: 453 6694

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

VATNSDALSA 1996

INNGANGUR.

Það voraði vel og hefðbundnar rafveiðar í Vatnsdalsá og þverám hennar fóru fram dagana 14.-17. júní. Einnig var fylgst með sleppingum gönguseiða sem voru með mesta móti. Áfram var unnið að kerfisbundnum athugunum á árangri smáseiðasleppnga sem byggjast á sleppingum örmerktra seiða. Slíkum seiðum var sleppt síðsumars, þriðja árið í röð.

Sú nýbreytni var tekin upp að sleppa veiddum stórlöxum á því tímabili sem einungis fluguveiði var heimil. Flestir þeir laxar sem sleppt var voru merktir til að hægt væri að meta áhrif þessara aðgerða á veiðina.

Hreistursýnum var safnað af löxum sem teknir voru í hús og stuðst við greiningu þeirra til að meta samsetningu veiðinnar eftir uppruna. Jafnframt var fylgst með hvort laxar sem komið var með í hús væru örmerktir.

Síðastliðið vor voru merktir silungar í Húnavatni og Flóðinu og sýni tekin af stofninum til að rannsaka lífshlaup þess silungs sem veiddur er í net á vorin og á stöng um sumarið. Þetta var gert til að kanna hugsanlegt samspil þessara veiða. Fisk til merkinga var náð með netaveiði í maí og var vaktað yfir netunum og tekið úr þeim jafn harðan. Alls voru merktar 142 bleikjur, 4 urriðar og 3 hoplaxar og voru flestir fiskar merktir í Húnavatni, en í Flóðinu náðust einungis 8 silungar til merkinga, 5 bleikjur og 3 urriðar. Alls var skilað inn upplýsingum um veiðar á 17 merktum silungum, 15 bleikjum og 2 urriðum. Þar af voru tveir urriðar og ein bleikja sem merkt höfðu verið í Flóðinu. Nánari grein verður gerð fyrir rannsóknum á silungastofnum Vatnsdalsár í sérstakri skýrslu.

VEIÐIN 1996

Veiðin í Vatnsdalsá gekk betur en undanfarandi tvö ár þótt langur vegur sé frá að ný met hafi verið sett í þeim efnum. Yfirleitt voru aðstæður til veiða góðar, en vatnsleysi og hitar þegar líða tók á sumarið ollu því að fiskur var tregur til að ganga fram ána í nokkrar vikur og laxveiði á neðra silungasvæðinu var með besta móti frá miðjum júlí og fram í miðjan ágúst. Á silungasvæðinu veiddust alls 75 laxar af 722 sem landað var. Alls veiddust 407 smálaxar og 315 stórlaxar. Þessar veiðitölur eru þó e.t.v. ekki fyllilega sambærilegar við fyrri ár því s.l. sumar var tekin upp sú nýbreytni að sleppa aftur veiddum stórlöxum í þeirri von að það yrði til þess að fleiri veiðimenn fengju að landa slíkum fiski.

Sá háttur að sleppa veiddum stórlöxum var hafður á frá upphafi stangveiðitímans 26. júní til loka fluguveiðitímabilsins 17. ágúst. Veiði lauk 23. september. Ekki var gert ráð fyrir að öllum stórlöxum yrði sleppt aftur, t.d. átti að aflífa alla örmerкта laxa og særða fiska. Jafnframt var ákveðið að reynt skildi að meta árangur þessarar aðgerðar. Reglur voru settar um sleppingar, merkingar og skráningu veiðinnar fyrir upphaf veiðitímans í samráði við leigutaka, leiðsögumenn og stjórn veiðifélagsins (sjá fylgiskjal) og merkingar á fiski æfðar. Notuð voru númeruð slöngumerki sem skotið var í rót bakugga.

Alls voru merktir 117 stórlaxar (Tafla 1), auk þess sem 14 var sleppt án þess að þeir væru merktir. Þá var einnig sleppt 10 smálöxum, þar af 8 merktum.

Tafla 1. Samantekt af merkingum og endurveiðum stórlaxa í Vatnsdalsá sumarið 1996.

Svæði nr	Fjöldi merktra	Endurv. einu sinni	Endurv. tvisvar	Endurv. þrisvar	Samtals. auka tök
2	86	21	6	0	33
4	31	6	0	1	9
óvíst					3
Samtals	117	27	6	1	45

Alls veiddust 184 stórlaxar á aðal laxveiðisvæðinu á þeim tíma sem til stóð að sleppa aftur. Alls var sleppt aftur 152 löxum eða 83%. Það er því ljóst að þátttaka veiðimanna hefur verið mjög góð og nýbreytninni vel tekið.

Eins og sjá má endurveiddust einu sinni alls 27 stórlaxar af 117, sex endurveiddust tvisvar og einn þrisvar. Að auki voru skráðir veiddir þrír merktir stórlaxar, en númer ekki gefið upp. Því hafa 117 merktir stórlaxar alls gefið 45 landanir til viðbótar og fæst því rúmlega ein löndun fyrir hverja þrjá stórlaxa sem sleppt er.

Sjö stórlaxar af 42 veiddust innan tíu daga frá því þeim var sleppt, en meðaltími frá sleppingu til 1. endurveiði var 29 dagar og frá 1. endurveiði til 2. endurveiði 24 dagar. Hér ber að gæta þess að yfirleitt var nokkuð liðið á veiðitímabilið þegar 1. endurveiði átti sér stað, og því er líklegt að meðaltími milli 1. og 2. endurveiði hefði orðið lengri hefði veiðitímabilið verið lengra.

Miðað við reynslu þessa eina árs má því gera ráð fyrir u.þ.b. 33 % veiðiálagi á laxi sem hefur veiðst áður og meðaltími þar til lax endurveiðist er u.þ.b. mánuður. Þetta veiðiálag er mun minna en almennt gerist í norðlenskum ám þar sem veiðiálag á stórlaxi er oftast 65 - 85 %, og fer vaxandi með minnkandi laxgengd.

Einnig voru merktir átta smálaxar, fimm á svæði 2 og þrír á svæði 4. Alls endurveiddust fjórir, tveir af hvoru svæði. Allir endurveiddir smálaxar veiddust framarlega í ánni, 6-23 daga eftir merkingu, að meðaltali 16 dögum síðar. Tveimur smálöxum var að auki sleppt án þess að þeir væru merktir.

En það er einnig athyglisvert að skoða hvar laxar endurveiddust miðað við hvar þeim var sleppt. Af 86 löxum sem voru merktir á neðra laxveiðisvæðinu endurveiddust tveir á silungasvæðinu fyrir neðan og tveir endurveiddust í Laxá á Ásum, auk sem einn fannst þar dauður. Sá hafði komist upp í útfallsskurð frá rafveitunni og lenti á ristum þegar vatn var tekið af. Flestir (15) endurveiddust þó á sama svæði, þar af tveir tvisvar og einn eftir að hafa fyrst endurveiðst á svæði 4. Tíu laxar sem voru merktir á neðra svæðinu endurveiddust á fremra svæðinu, þar af þrír tvisvar. Af 31 stórlaxi sem merktir voru á fremra svæðinu endurveiddust sjö, þar af einn þrisvar, og allir á sama svæði. Þótt lax sem sleppt er rási oftast undan straumi er því ekki vitað um nema einn sem gekk af fremra svæðinu og niður fyrir Flóð.

En hver skyldu raunveruleg áhrif þess að sleppa og endurveiða vera á fjölda landaðra laxa? Þótt um þriðjungur slepptra stórlaxa endurveiðist, og sumir oftast en einu sinni, þá er óvíst að fjöldi landaðra laxa aukist að sama skapi. Ef við berum saman veiðina í Vatnsdalsá og Víðidalsá á undanförunum árum sjáum við að fjöldi veiddra smálaxa í þessum tveimur ám var svipaður árin 1993 og 1995 (Tafla 2).

Tafla 2. Laxveiðin í Vatnsdalsá og Víðidalsá 1993-1996.

Veiðiár	Vatnsdalsá		Víðidalsá	
	smálax	stórlax	smálax	stórlax
1993	551	302	680	660
1994	142	373	190	405
1995	446	158	587	394
1996	407	315	314	469
1996*	402	266		

* Veiðin ef frá eru taldir laxar sem eru að veiðast í annað, þriðja og fjórða skipti.

Fjöldi veiddra stórlaxa 1994 sem hlutfall fjölda veiddra smálaxa 1993 var 68% í Vatnsdalsá og 60% í Víðidalsá. Fjöldi veiddra stórlaxa sumarið 1996 sem hlutfall fjölda veiddra smálaxa 1995 var 71% í Vatnsdalsá sé einungis litið til fjölda landaðra laxa en ekki nema 60% séu endurveiddir laxar ekki taldir með. Á sama tíma var það 80% í Víðidalsá.

Reynslan er allt of stutt til að hægt sé að meta með neinni vissu hvaða áhrif að veiða og sleppa hefur haft á veiðitölur úr Vatnsdalsá sumarið 1996, en fátt bendir til að þessi nýbreytni hafi orðið til að auka fjölda landaðra laxa. Nokkuð víst virðist að sá lax sem áður hefur veiðst er mun tregari til að taka en þeir sem ekki hafa komist í svo nán kynni við veiðimenn og tól þeirra. Lág veiðni gæti einnig bent til aukinnar dánartíðni meðal laxa sem sleppt er aftur. Ekki er þó vitað um að neinir merktir laxar hafi fundist dauðir utan þess sem fannst í Laxá á Ásum, en dauða hans var ekki hægt að rekja til þess að hann hafði veiðst áður.

Mest hættu er á að lax sem leppt er aftur drepist sé hann nýrunninn. Kemur þar til að hreistur er frekar laust á nýrunnum laxi og einnig er meiri hættu á að slíkur lax drepist vegna mjólkursýrueitrunar í vöðvum eftir átökin við veiðimenn. Lax gekk mjög snemma sumarið 1996 og því var hlutfall nýgenginna stórlaxa í veiðinni lágt. Hins vegar gengur smálaxinn seinna og því veiðist hærra hlutfall af smálaxinum þegar hann er nýgenginn í árnar. Þess vegna má búast við meiri afföllum á smálaxi sem sleppt er eftir veiði þótt þau takmörkuðu gögn sem fyrir liggja bendi reyndar ekki til þess. Hugsanlega væri skynsamlegt að takmarka sleppingar veiddra laxa við stórlaxa líkt og gert var sumarið 1996. Það myndi einnig leiða til þess að auka hlutfall stórlaxa í foreldrahópi komandi laxakynslóða. Mikilvægast er þó hvað veiðimenn vilja helst gera og þau sem áhrif þetta hefur á sportið laxveiði, þ.e. ánægjuna sem menn hafa af veiðinni og hversu mikið þeir eru tilbúnir til að borga fyrir hana, og ætti framvindan í Vatnsdalsá fyrst og fremst að markast af því.

ÁRANGUR GÖNGUSEIÐASLEPPINGA

Uppruna flestra laxa sem veiðast í Vatnsdalsá má rekja til náttúruklaks, en hluta má einnig rekja til sleppinga seiða á ólaxgeng svæði og til gönguseiðasleppinga. Á árunum 1989-1992 var alls sleppt 32134 merktum gönguseiðum sem skiluðu 421 laxi í veiði, eða 1.3 % að meðaltali. Heimtur úr sleppingum 1993 voru hins vegar mjög lélegar eða innan við 0.2 %. Þær voru áfram mjög slakar 1994 en þó aldrei verri en úr sleppingum sumarið 1995 (Tafla 3).

Tafla 3. Endurheimtur laxa úr gönguseiðasleppingum í Vatnsdalsá 1993-1995

Sleppiár	Staður	Fjöldi merktra seiða	Endurheimtur í stangveiði			
			Smálax fjöldi	Stórlax fjöldi	Samtals fjöldi	%
1993	Forsæludalur	2003	3	1	4	0.2
1993	Sunnuhlíð	2002	4	0	4	0.2
1993	Hof	2004	0	2	2	0.1
1994	Forsæludalur	2003	14*	1	15	0.7
1994	Sunnuhlíð	2027	6	1	7	0.3
1994	Hof	2001	5	0	5	0.2
1995	Sunnuhlíð	2001	0			
1995	Skriðuvað	2014	1			

* þar af veiddist einn smálax sumarið 1996, tveimur árum eftir sleppingu

Sumarið 1996 heimtist einungis einn lax úr sleppingum rúmlega 4000 örmerktra seiða í Vatnsdalsá. Sá kom úr sleppingunni við Skriðuvað og tveir laxar úr þeirri sleppingu heimtust í öðrum ám, þ.e. í Miðfjarðará og í Selá í Vopnafirði.

Töluvert var um villur í Vatnsdalsá einnig. Af 16 veiðiuggaklipptum löxum sem fundust í veiðinni í Vatnsdalsá sumarið 1996 höfðu einungis fjórir merki úr Vatnsdalsá,

einn var merkislaus, en 11 voru að villast úr öðrum ám. Sex smálaxar og einn stórlax voru úr sleppingum í Miðfjarðará og þrír smálaxar úr merkingum náttúrulegra seiða í Núpsá 1995. Að auki veiddist einn örmerktur smálax úr sleppingum í Laxá í Aðaldal 1995.

Það er því ljóst að gönguseiðasleppingar hafa tekist mjög illa í Vatnsdalsá á undanförnum árum. Vitað er að mistök áttu sér stað við sleppingu seiða í Sunnuhlíð 1995 þar sem kvísl sem afrennsli sleppitjarnarinnar féll í var sameinuð annarri með þeim afleiðingum að seiðin þurftu að fara um all langan veg í mjög litlu vatni til að komast út í á og voru á þeim tíma mjög berskjölduð gagnvart afráni fugla. Hins vegar virtist allt vera í sóma með sleppinguna við Skriðuvað. Slepping seiða á sama tíma skilaði um 0.8 % heimtum í Miðfirði en heimtur náttúrulegra seiða voru með því lakasta sem mælst hefur. Einungis veiddust í Miðfirði 4 laxar úr merkingu 1146 villtra seiða, eða 0.3%. Ekki var hægt að sjá að seiðin sem sleppt var við Skriðuvað væru neitt frábrugðin þeim sem sleppt var í Miðfirði á sama tíma, en sjóþroskaferill seiða fer eftir þeim aðstæðum sem þau hafa upplifað um nokkurt skeið og þroski þeirra verður ekki af nákvæmni greindur eftir útliti.

Í skýrslunni fyrir árið 1995 var gerð all ítarleg grein fyrir árangri gönguseiðasleppinga í Vatnsdalsá síðan farið var að nota seiði úr eldisstöð Hólalax hf, og heimtur þar bornar saman við heimtur gönguseiða í Miðfirði. Ljóst er að heimtur eldisgönguseiða í Vatnsdalsá hafa í gegnum tíðina verið heldur lakari en í Miðfirði, en þó var árangur gönguseiðasleppinga á árunum 1989-92 viðunandi og gönguseiðasleppingar skiptu miklu máli fyrir veiðina sum árin.

Það er reynsla úr Miðfirði að séu seiði tekin nógu snemma og fái þau góðan aðlögunartíma í kví eða tjörn við ána áður en þeim er sleppt, þar sem þau eru föðruð og varin ágangi vargs, þá verða heimtur yfirleitt á bilinu 1-3 % og sú hefur einnig orðið raunin síðustu tvö árin. Það liggur alls ekki í augum uppi hvað hefur valdið slökum árangri gönguseiðasleppinga í Vatnsdalsá á undanförnum árum og því er óráðlegt að halda áfram gönguseiðasleppingum í stórum stíl að svo komnu máli. Réttara væri að draga verulega úr þeim og auka þær ekki að nýju fyrr en ásættanlegur árangur hefur náðst í nokkur ár samfelld. Einnig kemur til greina að hætta þeim með öllu, en það verða menn að meta með tilliti til verðmætasköpunar í veiðinni.

Sumarið 1996 var sleppt miklu magni gönguseiða í Vatnsdalsá. Sleppingunni var skipt í þrjá staði, Forsæludal, Sunnuhlíð og Skriðuvað. Um helmingur seiðanna var örmerktur (um 2500 á hverjum stað). Seiðin litu almennt vel út, þótt aðeins bæri á bakteríusýkingu í bakugga. Seiðin voru sett út snemma í júní. Ný tjörn var grafin við Sunnuhlíð og virtist hún nokkuð góð. Eitthvað hefur þó farið úrskeiðis þegar seiðunum var sleppt því flest sluppu út á fyrsta degi, en ekki var hægt að sjá annað en frágangur við í- og útrennsli væri með ágætum þegar aðstæður voru skoðaðar nokkrum dögum síðar.

Þegar seiðin í Forsæludal voru flutt sprakk á bilnum og töluverðar tafir urðu. Seiðin lifðu þó af flutninginn en eftir að þau komu í tjörnina fór að bera á óeðlilega miklum dauða. Seiðin dökknuðu mjög, urðu slöpp og drápust loks. Þann 14. júní, rúmri viku eftir að komið var með seiðin voru 50-60 seiði dauð og 3-400 mjög dökk og slöpp. Önnur seiði litu mjög vel út. Seiðunum var þá öllum hleypt úr sleppitjörninni.

Nokkrum dögum síðar var sleppt nokkru magni í viðbót í Forsæludal, en þau seiði voru öll ómerkt.

ÁRANGUR SMÁSEIÐASLEPPINGA

Mikil áhersla hefur verið lögð á að nýta ólaxgeng svæði Vatnsdalsár til uppeldis laxaseiða. Árangur slíkra sleppinga hefur gefið mjög misjafna raun, en við góð skilyrði má búast við um 0.8-1.2 % heimtum í veiði. Í Vatnsdalsá hefur árangur þessara sleppinga hingað til verið metin með greiningu hreistursýna. Samkvæmt þeirri aðferð má rekja um 20% smálaxaveiðinnar 1996 til smáseiðasleppinga árin 1992 og 1993 (Tafla 4). Rúm 13 % smálaxaveiðinnar eða 53 laxa má rekja til laxa sem hafa verið tvö ár í ferskvatni og eru því úr sleppingum 12000 smáseiða sumarið 1993. Þetta eru rúmlega 0.4 % heimtur. Einhver hluti þessarar sleppingar hefur gengið til sjávar vorið 1996 eftir þrjú ár í ferskvatni og hún á einnig eftir að skila sér í stórlaxaveiðinni 1997. Heildarheimtur gætu því orðið á bilinu 0.6 - 0.8 %.

Tafla 4. Niðurstöður aldursgreiningar hreistursýna úr Vatnsdalsá 1996. Lax af eldisuppruna hefur dvalið 1, 2 eða 3(ss) ár í ferskvatni. Aðrir eru úr náttúruklaki.

Aldur í ferskvatni (ár)	Aldur í sjó			
	Smálax fjöldi	%	Stórlax fjöldi	%
1	1	1	-	-
2	17	13	2	5
3ss	8	6	1	3
3	26	21	13	35
4	58	46	18	49
5	16	13	2	5
áður hrygnt	-	-	1	3
Samtals	126	100	37	100

Að auki höfðu tveir hængar, báðir yfir 20 pund, verið 3 ár í sjó.

Kjörsvæði fyrir uppeldi laxaseiða fyrir ofan fossa takmarkast að mestu leyti við Hólkotskvíslina. Hinsvegar hafa stór svæði í Álku einnig verið nýtt til sleppinga og síðan 1994 hefur einnig verið sleppt í Kornsa, þótt þar sé hætt á að seiði tortýmist í fossum á göngu til sjávar. Til að meta árangur sleppinga á mismunandi svæði hefur hluti smáseiða sem sleppt hefur verið í Álku, Kornsa, Giljá og Hólkotskvísl 1994-1996 verið örmerktur. Von er á fyrstu heimtum úr þessum sleppingum sumarið 1997.

Sumarið 1996 var sleppt 5500 örmerktum seiðum í Álku frá Einvígisfossi og fram í Bríkarkvísl, 4800 örmerktum seiðum var sleppt frá neðarlega í Þrengslagili í Hólkotskvísl og niður í efsta hluta Tungnár og um 1500 merktum seiðum var sleppt í

Giljá. Loks var sleppt um 3000 ómerktum seiðum efst í Vatnsdalsá og fór um helmingurinn á svæðið milli Stekkjarfoss og Dalsfoss og afgangurinn á svæðið fyrir framan Dalsfoss. Alls var því sleppt tæplega 15000 seiðum.

Aðstæður sem eru á ólaxgengum svæðum í Vatnsdal sem notuð eru til smáseiðasleppinga eru mjög fjölbreyttar. Stærð seiða og tíðarfar hefur einnig mikil áhrif á afkomu seiðanna og þar með árangur sleppinga, en bæði seiðastærð og tíðarfar hefur verið mjög breytilegt á undanförunum árum. Því legg ég til að áfram verði lögð áhersla á að sleppa örmerktum smáseiðum í Vatnsdalsá í tvö ár enn til að fá áreiðanlegra mat á framleiðni ólaxgengra svæða og hagkvæmni smáseiðasleppinga á þeim.

ÁSTAND SEIÐASTOFNA

Seiðastofnar Vatnsdalsár og hliðaráa hennar voru kannaðir með rafveiðum dagana 14. til 17. júní. Skilýrði til rafveiða voru góð. Rafveitt var á svipuðum stöðum og á undanförunum árum. Alls var þessu sinni rafveitt á 32 stöðum, þar af á 15 stöðum á ólaxgengum svæðum. Að auki var rafveitt í Vatnsdalsá fyrir neðan Flóðið (Skriðuvað, staður 9) 25/8 til að kanna afdrif seiða sem sleppt hafði verið þar mánuði áður (26/7).

Rafveiðistaðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1) og eru helstu niðurstöður teknar saman í Töflu 5 og í Mynd 2. Hér að neðan verður gerð nánari grein fyrir ástandi seiðastofna í hverri á fyrir sig.

Vatnsdalsá

Ekki var veitt á ólaxgenga svæði Vatnsdalsár þessu sinni, en á rafveiðistað 1A, um 100 m fyrir neðan Dalsfoss, virtust flest seiðin vera af sleppiuppruna, þótt innan um væru náttúruleg 2+ seiði sem ekki var hægt að greina út frá útvortis einkennum frá seiðum sem sleppt var 1995 nema í einstaka tilfelli. Stærstu seiðin voru flest komin í göngubúning eða sýndu fyrstu einkenni þess að sá ferill væri hafinn. Á stað 2 fundust hins vegar allir árgangar náttúrulegra seiða eins og oftast áður. Árs gömlu seiðin voru mjög smá og einungis veiddust tvö slík. Seint vor og sumar 1995 ráða þar mestu um og það er ljóst að sá árgangur er ekki stór. Gera má ráð fyrir að hluti 3+ seiða hafi gengið út síðar um sumarið, en þau eldisgönguseiði sem veiddust á stað 2 áttu flest nokkuð í það að komast í göngubúning og höfðu greinilega gengið upp úr sleppitjörninni. Seiðin leyta einmitt helst á móti straumnum áður en þau ná sjóþroska.

Í rafveiðunum 1995 bar einkar mikið á þriggja ára seiðum á svæðinu frá Stekkjarfossi að ármótum Álku (staðir 3,4 og 5). Þessi seiði fundust einnig í töluverðu magni vorið 1996, þá sem 4+, en þau voru flest öll komin í göngubúning eða sýndu merki þess að þau væru að ná sjóþroska og líklegast hafa þau öll gengið til sjávar síðar um sumarið.

Tveggja ára seiði voru ríkjandi í rafveiðunum á öllum stöðunum fyrir neðan Stekkjarfoss og eins árs seiði veiddust einungis í einhverju magni á efsta staðnum (staður 3) og aðeins vottaði fyrir þeim á stað 8, við Hof. Eins árs seiðin voru mjög smá miðað við aldur og því ljóst að þessi árgangur getur aldrei orðið sterkur þótt hann gæti verið fjölíðaðri en þessar niðurstöður bera með sér. Það ætti þó ekki að koma að sök

ef næsti árgangur, þ.e. sá sem klaktist út sumarið 1996, verði eðlilegur, enda fjöldi tveggja ára seiða víðast í mesta lagi.

Eina svæðið þar sem talið er að fæð eins árs seiða geti haft neikvæð áhrif á gönguseiðaframleiðsluna þegar fram í sækir er brotakaflinn fyrir neðan Flóðið. Þarna er frjósamasti hluti árinna og grófur botn sem býður upp á mjög góð uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði, enda hafa þau náð sjóþroska 1-2 árum fyrr en seiði víðast ofar í ánni á undanförunum árum þegar tíðarfar hefur yfirleitt verið fremur óhagstætt. Þar sem vaxtarskilyrði eru góð verður minni munur stærstu og minnstu seiða sama árgangs og fyrir neðan Flóðið ganga lang flest seiði út við sama aldur, þ.e. á fjórða ári frá klaki (3+). Í rafveiðunum í júní voru 2+ seiðin á stað 9 mjög vel á sig komin og greinilega í rífandi vexti. Þau 3+ seiði sem þá veiddust voru öll á leið til sjávar. Því var ákveðið að sleppa á svæðið um 5000 smáseiðum. Seiðunum var sleppt 26/7. Þegar afdrif þessara seiða voru síðan könnuð í rafveiðum mánuði síðar kom í ljós að klak ársins 1995 hafði ekki misfarist með öllu en sá árgangur var þó faliðaður. Af 6-9.5 cm löngum seiðum reyndust um tvö af hverjum þremur vera úr sleppingunni fyrr um sumarið. Tveggja ára seiðin höfðu dafnað mjög vel og jafvel eru líkur til að einhver seiði þessa árgangs hafi náð sjóþroska fyrr um sumarið. Minni veiði þessara seiða í síðara skiptið má þó fyrst og fremst rekja til mikils þörungagróðurs í ánni sem gerðu rafveiðar mjög erfiðar.

Hólkotskvísl

Allt bendir til að slepping seiða framan til í Hólkotskvísl sumarið 1995 (staðir 0, 1 og 2) hafi tekist vel. Seiðin hafa dafnað vel og má áætla að um helmingur þeirra hafi náð sjóþroska sumarið 1996. Það er áberandi hve lítill munur var á stærð eins árs seiða framan til í Hólkotskvísl og stærð tveggja ára seiða á stað 3 fyrir neðan Þrengslagil. Þessi seiði voru öll örmerkt og verður fróðlegt að fá samanburð á þessum tveimur sleppingum þar sem ferskvatnsdöl annars hópsins er áberandi styttri en hins hópsins.

Vaglakvísl

Vöxtur seiða í Vaglakvísl er hægari en í Hólkotskvísl og gera má ráð fyrir að meirihluti gönguseiða úr sleppingum smáseiða 1995 verði tveggja ára og fari því til sjávar 1997. Þarna ætti því að sleppa aftur sumarið 1997.

Tunguá

Tveggja ára seiði eru ríkjandi í Tunguá. Eins árs seiði veiddust þar ekki og er ólíklegt að þau eigi eftir að nema þar land síðar þar sem þessi árgangur virðist hafa misfarist að stórum hluta í Vatnsdalsá. Allt bendir þó til að gönguseiðaframleiðsla Tunguár hafi orðið með betra móti vorið 1996 og gera má ráð fyrir að hún verði áfram góð sumarið 1997, verði árferði ekki slæmt. Vel gæti komið til greina að sleppa seiðum í Tunguá sumarið 1997 bregðist klakárgangurinn frá 1996.

Tafla 5. Fjöldi veiddra laxa- og silungsseiða á hverja 100 m² á mismunandi stöðum í Vatnsdalsá og hliðarám hennar í rafveiðum 14.-17. júní 1996. Staðirnir eru merktir inn á kort á Mynd 1.

VATNSDALSA

Staður Nr.	Stærð (m ²)	Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri						Bleikja	Urriði
		0+	1+	2+	3+	4+	5+		
1A	60x10	-	1.2	3.2	-	-	-	-	-
2	50x8	-	0.5	5.0	5.3	0.5	-	-	-
3	35x9	-	9.5	11.1	4.8	9.2	-	0.6	0.3
4	50x8	-	-	9.3	5.5	3.8	-	2.8	-
5	27x11	-	-	13.1	5.1	3.4	-	3.4	1.0
6	40x15	-	-	3.3	0.8	0.2	-	1.3	-
7	50x5	-	-	14.8	2.0	0.4	-	8.0	1.8
8	60x12	-	0.3	2.9	0.6	-	-	1.3	0.3
9	50x15	-	-	10.0	1.3	-	-	0.9	0.4
9*	30x20	2.8	1.7	3.5	-	-	-	-	-

* veitt aftur á stað nr. 9 25/8 1996

HÓLKOTSKVÍSL

Staður Nr.	Stærð (m ²)	Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri						Bleikja	Urriði
		0+	1+	2+	3+	4+	5+		
0	80x5	-	2.3	-	-	-	-	-	-
1	50x7	-	5.7	-	-	-	-	0.6	-
2	70x7	-	3.1	-	0.2	-	-	-	-
3	80x6	-	-	3.1	-	-	-	-	-
5	50x6	-	-	1.3	-	-	-	-	-

VAGLAKVÍSL

Staður Nr.	Stærð (m ²)	Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri						Bleikja	Urriði
		0+	1+	2+	3+	4+	5+		
2	60x6	-	3.9	-	-	-	-	-	-
3	70x5	-	1.1	0.6	-	-	-	0.3	-

Tafla 5. Fjöldi veiddra laxa- og silungsseiða á hverja 100 m² á mismunandi stöðum í Vatnsdalsá og hliðarám hennar í rafveiðum 14.-17. júní 1996. Staðirnir eru merktir inn á kort á Mynd 1.

VATNSDALSA

Staður Nr.	Stærð (m ²)	Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri						Bleikja	Urriði
		0+	1+	2+	3+	4+	5+		
1A	60x10	-	1.2	3.2	-	-	-	-	-
2	50x8	-	0.5	5.0	5.3	0.5	-	-	-
3	35x9	-	9.5	11.1	4.8	9.2	-	0.6	0.3
4	50x8	-	-	9.3	5.5	3.8	-	2.8	-
5	27x11	-	-	13.1	5.1	3.4	-	3.4	1.0
6	40x15	-	-	3.3	0.8	0.2	-	1.3	-
7	50x5	-	-	14.8	2.0	0.4	-	8.0	1.8
8	60x12	-	0.3	2.9	0.6	-	-	1.3	0.3
9	50x15	-	-	10.0	1.3	-	-	0.9	0.4
9*	30x20	2.8	1.7	3.5	-	-	-	-	-

* veitt aftur á stað nr. 9 25/8 1996

HÓLKOTSKVÍSL

Staður Nr.	Stærð (m ²)	Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri						Bleikja	Urriði
		0+	1+	2+	3+	4+	5+		
0	80x5	-	2.3	-	-	-	-	-	-
1	50x7	-	5.7	-	-	-	-	0.6	-
2	70x7	-	3.1	-	0.2	-	-	-	-
3	80x6	-	-	3.1	-	-	-	-	-
5	50x6	-	-	1.3	-	-	-	-	-

VAGLAKVÍSL

Staður Nr.	Stærð (m ²)	Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri						Bleikja	Urriði
		0+	1+	2+	3+	4+	5+		
2	60x6	-	3.9	-	-	-	-	-	-
3	70x5	-	1.1	0.6	-	-	-	0.3	-

Tafla 5. Framhald.

TUNGUÁ

Staður Nr.	Stærð (m ²)	Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri						Bleikja	Urriði
		0+	1+	2+	3+	4+	5+		
2	50x7	-	-	2.3	2.6	0.6	-	0.9	0.3
3	50x7	-	-	6.6	0.6	-	-	-	0.3

KORNSÁ

Staður Nr.	Stærð (m ²)	Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri						Bleikja	Urriði
		0+	1+	2+	3+	4+	5+		
2	50x18	-	-	2.2	-	-	-	-	-
3	40x18	-	2.2	-	-	-	-	-	-
4	35x8	-	-	2.5	1.1	-	-	4.3	1.1

ÁLKA

Staður Nr.	Stærð (m ²)	Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri						Bleikja	Urriði
		0+	1+	2+	3+	4+	5+		
A	90x5	-	-	0.7	-	-	-	0.2	-
A-B	80x7	-	-	0.7	-	-	-	-	-
B	60x10	-	-	0.8	-	-	-	-	-
1	60x12	-	3.1	0.3	-	-	-	-	-
2	80x12	-	-	0.5	0.1	0.4	-	-	-
3	70x12	-	-	0.1	2.0	1.0	1.2	0.4	0.1
4	50x10	-	-	0.6	0.6	0.2	-	0.2	-

GILJÁ

Staður Nr.	Stærð (m ²)	Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri						Bleikja	Urriði
		0+	1+	2+	3+	4+	5+		
1	50x12	-	1.2	-	-	-	-	-	-
2	70x15	-	0.1	-	-	-	-	-	-
3	70x14	-	0.8	-	-	1.4	-	0.9	0.1
4	70x6	-	0.7	-	-	1.0	-	2.1	0.7

Kornsá

Ekki er hægt að greina að seiði úr sleppingum 1994 og 1995 í Kornsá, en á stað 3 var ekki sleppt seiðum 1994 og því líklegt að flest seiði sem þar fundust hafi verið eins árs. Svo virðist sem of þétt hafi verið sleppt í Kornsá miðað við burðargetu árinna og árferði. Seiðin voru ekki sérlega væn og því líklegt að nokkur hluti þeirra seiða sem þar voru færu ekki út sumarið 1996, og því var ákveðið að sleppa ekki aftur á þetta svæði þá. Gert er ráð fyrir að sleppa þar aftur örmerktum seiðum sumarið 1997. Með þeirri sleppingu ætti að fást góð reynsla á mögulegt framlag svæðisins til laxveiðinnar í Vatnsdalsá.

Á laxgenga hluta Kornsár fundust nú tveir árgangar laxaseiða. Þar virðist vera hrygning flest árin, en framleiðsla svæðisins er þó tiltölulega lítil.

Álka

Ástand árinna var óvenju gott þegar rafveitt var, sérstaklega ef miðað er við árstíma. Töluvert líf fannst á steinum og þau seiði sem veiddust voru yfirleitt í góðum holdum. Fyrir ofan Einvígisfoss fundust einungis seiði úr sleppingum frá 1994, en hvergi í miklu magni. Líklega hafa flest þeirra náð að ganga til sjávar sumarið 1996 og ræður þar mestu um hve árferði var gott.

Það kom nokkuð á óvart að finna svo mikið magn seiða á stað 1, í gílinu fyrir framan heiðargirðinguna, því talið var að mikil afföll hefðu átt sér stað þegar seiðum var sleppt þar sumarið 1995.

Á laxgenga hlutanum fannst lítið af seiðum í gílinu en þéttleiki eldri seiða var töluverður fyrir neðan brúna þótt þar hafi átt sér stað töluvert rask og árbotninum verið ýtt mikið til. Seiðin voru ekki sérlega væn, en væntanlega batnaði ástandið þegar leið á sumarið. Á neðsta kafla Álku hefur áin breytt sér mjög mikið og seiðauppeldi er nú lítið þar.

Giljá

Á ólaxgenga svæðinu fengust nokkur seiði úr sleppingunni 1995 á efra staðnum, en einungis eitt á neðri staðnum sem er við Norðlingahvamm. Sleppingin 1995 var mjög lítil og því ekki ósennilegt að svæðið sem veitt var á hafi orðið út undan í sleppingunni.

Það vekur athygli að á laxgenga hlutanum er að finna árs gömul seiði, en sá árgangur er mjög slakur víðast í Vatnsdalsá og fannst ekki í laxgengum hliðarám hennar.


LOKAORÐ

Ástand seiðastofna er almennt mjög gott og seiðastofnar Vatnsdalsár voru vel í stakk búnir til að nýta sér gott árferði sumarið 1996 sem hefur að líkindum skilað sér í tiltölulega góðri gönguseiðaframleiðslu. Því eru væntingar um góða smálaxaveiði sumarið 1997. Léleg nýliðun úr klakárganginum 1995 varð til þess að gripið var til smáseiðasleppinga fyrir neðan Flóðið. Þær virtust hafa tekist vel. Komi í ljós að að


næsti árgangur verði einnig faliðaður gæti þurft að grípa til sömu ráðstafana ofar í ánni einnig. Slíkt verður þó að teljast ólíklegt á þessari stundu.

Sumurin 1994-96 hefur verið sleppt örmerktum smáseiðum í Vatnsdalsá. Svæðin sem notuð eru til sleppinga eru mjög misjöfn að gæðum, auk þess sem stærð seiða við sleppingu og tíðarfar hefur einnig verið mjög misjafnt milli ára. Til að nýta þessa tilraun um hagkvæmni sleppinga á mismunandi svæði til fullnustu og til að geta spáð í áhrif hinna ýmsu þátta á árangur sleppinga er lagt til að haldið verði áfram sleppingum örmerktra smáseiða í tvö ár enn. Styrkur mun að líkindum fást til að greiða kostnað af merkingum fyrir árið 1997, en ekki hefur enn fengist vilyrði fyrir 1998.


Þegar lax er veiddur og honum sleppt aftur er ávalt mikil hætta á að veiðimönnum yfirsjáist hvort lax sé merktur. Til að tilraunir þær sem nú eru í gangi í Vatnsdalsá verði sem marktækastar er æskilegt ef eftirlitsmaður gæti skoðað sem flesta veidda fiska. Bent hefur verið á að það gæti af ýmsum öðrum ástæðum verið æskilegt að sleppa ekki veiddum smálöxum, en sú ráðstöfun myndi einnig tryggja að gott mat fengist á niðurstöður þeirra tilrauna sem nú er unnið að í Vatnsdalsá. Jafnframt er sérstaklega mikilvægt að vel verði haldið utan um skráningu veiðinnar og gerð grein fyrir hvort fiski sé sleppt aftur eða ekki.




Mynd 1. Rafveiðistaðir í Vatnsdalsá og hliðarám hennar.




Mynd 2. Lengdar- og aldurssamsetning veiddra laxaseiða í Vatnsdalsá og hliðarám hennar í rafveiðum 14. til 17. júní og á stað 9 í Vatnsdalsá 25. ágúst 1996.



Mynd 2. Framhald.



Mynd 2. Framhald.




Mynd 2. Framhald.

Til veiðimanna í Vatnsdalsá sumarið 1996

Í sumar hafa leigutakar Vatnsdalsár og veiðifélagið ákveðið að sleppa skuli veiddum stórlaxi framan af sumri. Þar með er reynt að auka líkurnar á því að sem flestir veiðimenn í Vatnsdalsá upplifi að setja í og þreyta stórlaxa sem Vatnsdalsá er svo fræg fyrir. Þeir sem svo kjósa geta einnig sleppt smálaxi sem þeir veiða.

Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar hefur verið falið að meta hvort þessi aðferð beri tilætlaðan árangur. Veiðimálastofnun sinnir einnig ýmsum öðrum rannsóknaverkefnum í Vatnsdalsá og það er mikilvægt að þessar breytingar á nýtingarformi hafi ekki áhrif á möguleika okkar til að meta þessi verkefni. Ekki skal sleppa laxi sem merktur hefur verið í þessum verkefnum.



AÐ VEIÐA OG SLEPPA

Allir samstarfsaðilar um þetta verkefni hafa orðið ásáttir um að merkja skuli eftir föngum þá veidda laxa sem sleppt er aftur og að ákveðnar reglur skuli gilda um meðferð og skráningu veiðinnar. Þær eru raktar hér að neðan.

1. Fiskur telst því aðeins veiddur að veiðimaður þurfi sérstaklega að losa agn úr munni hans til að geta sleppt honum aftur. Annars telst lax hafa sloppið. Ekki ber að skrá í veiðibók laxa sem sleppa.
2. Þegar laxi er sleppt rásar hann oftast niður ána. Því er best að sleppa laxi fyrir neðan veiðistað til að tryggja sem minnsta truflun fyrir annan fisk sem þar kann að liggja.

3. Fiskur sem veiðist í fyrsta skipti skal merktur ef þess er nokkur kostur. Þetta er gert með því að skjóta slöngumerki í bak fiskins við bakuggann framan til, hægra megin. Einnig skal mæla lengd fisksins, frá snjáldurodda í sporðsílingu. Best er að merkja fiskinn þegar hann liggur í mælistokknum. Einnig ber að skrá kyn fisksins og veiðistað.
4. Hafi fiskur sem veiðist verið merktur áður þarf ekki að merkja hann aftur, en það þarf að lesa af númerið og skrá það og lit merkisins áður en laxinum er sleppt aftur. Skrá ber í veiðibók hvar fiskurinn veiddist og númer hans.
5. Stundum tapast merki úr fiski. Það er því mikilvægt að veiðimenn kanni hvort veiddur fiskur sé með sár eða ör eftir fyrri merkingu. Sé svo ber að merkja fiskinn upp á nýtt en skrá að hann hafi tapað merki. Í því tilfelli ber að mæla og kyngreina fiskinn eins og gert er þegar fiskur er merktur í fyrsta skipti.
6. Það getur komið fyrir að ekki sé hægt að merkja fisk sem hefur verið veiddur og sleppa á aftur. Þá skal veiði fiskins engu að síður skráð, en tekið fram að honum hafi verið sleppt ómerktum.
7. Ekki skulu tekin hreistursýni af löxum sem sleppa á aftur.

AD VEIÐA OG HALDA

Ýmis önnur rannsóknaverkefni eru í gangi í Vatnsdalsá og þeirra vegna er nauðsynlegt að gera undantekningar frá þeirri almennu reglu að sleppa stórlaxi. Sé lax örmerktur (vantar á hann veiðiuggann) þá ber að farga þeim fiski. Einnig ber að farga öllum fiski sem hefur særst mikið eða tapað miklu af hreistri við löndun.

Við vonum að þessi tilraun nú í sumar færi veiðimönnum fleiri tækur og aukna ánægju á bökkum Vatnsdalsár í sumar og þökkum ykkur gott samstarf við að reyna að meta áhrif þessarar tilraunar. Við óskum ykkur góðrar og ánægjulegrar veiði í sumar.

Gestur Árnason
Brynjólfur Markússon
leigutakar

Magnús Ólafsson
form. veiðifélagsins

Tumi Tómasson
fiskifræðingur

To all anglers in River Vatnsdalsá Catch-release and catch-retain in 1996

The lease holders and the fishery association of Vatnsdalsá have decided in 1996 to implement a catch-and-release policy for the larger two sea-winter salmon caught in the river. This is done to improve the chances for anglers to catch and fight these large beasts for which the River Vatnsdalsá is so well known. Those who would like also to release the grilse they catch are of course welcome to do so.

The Institute of Freshwater Fisheries has been asked to evaluate the effect of this new policy. The Institute is also involved in other research programmes and it is important that this new policy does not affect the possibilities to evaluate those. Fish tagged as part of those programmes should not be released.



CATCH-RELEASE PROGRAMME

In consultation with the parties concerned it has been decided to tag all salmon which are released and have certain rules about the recording of the catch. These are detailed below:

1. A salmon is only considered to have been caught if the angler has to remove the fly from its mouth in order to release it again. If not, the salmon is to be considered as "having got away". Salmon who escape are not to be recorded.
2. When a salmon is released it usually swims straight downstream. In order not to disturb those fish who may still reside in the pool, it is thus best to release the fish below the pool in which it was caught

3. Salmon caught for the first time should be tagged if at all possible. Tagging is done by inserting a numbered "spaghetti" tag next to the dorsal fin on the right hand side of the fish. The gillies have received instructions on the tagging procedure. In addition the length of the fish must be measured (in cm), from the snout to the fork in the tail. It is probably easiest to tag the fish when it is being measured. The sex of the fish should be noted and recorded, as should the name of the pool.
4. In the case of a tagged fish being caught and the intention is to re-release it, it is not necessary to tag it again. However the number and colour of the tag should be noted and recorded and this information should be transferred to the register, along with the site at which the fish was caught..
5. Sometimes the tags will become dislodged and lost. It is therefore important that anglers carefully examine if the salmon bears a sore or a scar from previous tagging. If it has, then the fish should be tagged again, but record that he has been previously tagged but lost the tag. In this case it is necessary to measure the fish and determine its sex, as done when a salmon is caught for the first time.
6. There will be times when it is impossible to tag a fish that is to be released. In those cases the catch should be recorded, but note that it was not tagged.
7. Scale samples should not be taken from fish that are to be released.

CATCH-RETAIN

Other investigations into the fish stocks in River Vatnsdalsá are in progress and therefore it will be necessary to make exceptions to the general rule to release all two sea-winter salmon. If the salmon caught is microtagged (missing the adipose fin) then it should not be released. Also fish that are wounded or lose many scales in the process of landing should not be released.

We hope that this experiment will bring added enjoyment to the anglers in River Vatnsdalsá and we thank you for your understanding and co-operation in our effort to evaluate the success of the programme. We wish you a good and enjoyable angling this summer.

*Gestur Ámason
Brynjólfur Markússon*

Magnús Ólafsson

Tumi Tómasson

Leaseholders

Chairman
Vatnsdalsá Fishery Association

Fisheries biologist
Institute of
Freshwater Fisheries